



## Kvenfélag Garðabæjar

**Boðað er til JÓLAFUNDAR hjá  
KVENFÉLAGI GARÐABÆJAR  
að Garðaholti þriðjudaginn  
5. desember 2023 kl. 19:00**



### Kæru félagskonur!

Aðventan nálgast og framundan er tími undirbúnings og væntinga sem snúast aðallega um samveru með sínum nánustu en einnig um kyrrð og frið þrátt fyrir umstang í aðdraganda hátíðanna og jafnvel einmitt vegna þess.

Nú hittast félagskonur í byrjun aðventu á sínum árlega jólafundi.  
Á dagskrá fundarins eru almenn fundarstörf.



**Sr. Matthildur Bjarnadóttir**  
flytur hugvekju

**Söngur**

**Hugleiðingar Þuríðar Sigurðardóttur**  
á aðventu og jólum

**Jólahlaðborð að hætti félagskvenna**  
**Hópur 6 sér um jólastemninguna**



Fundargjald er kr. 2.000 og eru konur vinsamlega beðnar um að greiða inn á reikning félagsins nr. 0318-26-011124 – kt. 700169-7319.

Það er hægt að skrá sig á fundinn á heimasíðu félagsins kvengb.is, þar er merkt við viðburð og möguleiki á að velja netbankann beint af heimasíðunni til að greiða.

Það er einnig hægt að senda tölvupóst á [ritari@kvengb.is](mailto:ritari@kvengb.is) eða senda skilaboð á símanúmer Svövu Gústavsdóttur ritara 895-7811

**Við hlökkum til að sjá ykkur sem flestar. Allar konur eru velkomnar og við hvetjum þær sem eru áhugasamar um samtakamátt kvenna í hópeflandi og gefandi félagsstarfi sem sinnir mannúðarstörfum í þágu samfélagsins að mæta og kynna sér Kvenfélag Garðabæjar.**

F.h. stjórnar Kvenfélags Garðabæjar,  
Halldóra Björk Jónsdóttir, formaður